

## Aðalfundur 6. maí 2023

### Skýrsla stjórnar

Mig langar að þakka félagsmönnum og stjórn Myndlistarfélagsins fyrir frábært starfsár!!

Á liðnu starfsári hefur félagið staðið fyrir viðburðum og samsýningum félagsmanna og má þar nefna samsýningu félagsmanna á Akureyrarvöku, og Korter í jól en báðar þessar sýningar voru vel sóttar og góð þátttaka félagsmanna. Videojanúar var svo haldin í byrjun árs.

Dyngjan-listhús og Guðrún H. Bjarnadóttir hefur boðið félagsmönnum að taka þátt í samsýningunni Heimalingar sem hefur verið einstaklega gefandi og skemmtilegt samstarf þar sem félagsmenn hafa sýnt verk sín utandyrá í Fífilbrekku.

Myndlistarfélagið hefur auk þess tekið þátt í bæði Barnamenningarhátíð og List án Landamæra með sýningum í Mjólkurbúðinni.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið 22 viðburðir í Mjólkurbúðinni, og allt uppbókað út árið og færri komist að en vildu.

Myndlistarfélagið sótti um rekstrarstyrk til SSNE og hlaut kr. 600.000 Auk þess sem við fengum 160.000 kr. úr Menningarsjóði Akureyrar fyrir tilraunastofur sem er samstarfsverkefni Myndlistafélagsins og Gilfélagsins má þar t.d nefna módelteikningu í Deiglunni .

Félagið hefur auk þess beitt sér fyrir:

- Hækkun launa bæjarlistamanns
- Myndlistarnámi á Háskólastigi
- Að vinnustofur listamanna verði hluti af miðbæjarskipulagi að starf listamanna verði meira sýnilegt (við erum búin að funda með fulltrúum menningarmála og bæjarráði varðandi þá hugmynd)
- Við höfum hug á að endurvekja félagasýningu í Hofi yfir sumartímann og er það komið í ferli
- Okkur langar að uppfæra bæklinginn um Myndlistarfélagið og sögu myndlistar á Akureyri.

- Fram undan er hugsanlegt samstarf við Amtsbókasafnið varðandi útleigu á verkum félagsmanna.

Fyrir hönd stjórnar  
Brynhildur Kristinsdóttir